



Fundargerð.
Stjórnarfundur nr. 73.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn föstudaginn 2. október 2015, kl 10:00 á Verfræðistofunni stoð. Á fundinum voru Magnús Jónsson, Einar E. Einarsson, Jón Sigurðsson og Atli Gunnarsson frá Verkfræðistofunni Stoð ehf.

Dagskrá

1. Fundur með verktökum

Á fundinn komu 3 fulltrúar frá verktakafyrirtækinu Friðrik Jónsson ehf.: Ari Freyr Ólafsson, Friðrik Þór Ólafsson og Ólafur E. Friðriksson. Í lokuðu útboði í byggingu vélaskemmu við urðunarstaðnum í Stekkjarvík við Sölvabakka barst einungis eitt tilboð. Friðrik Jónsson ehf bauð 47.742.015 kr. sem var 125% miðað við kostnaðaráætlun Eflu verkfræðistofu sem var 38.186.171 kr.

Farið yfir nokkur atriði samkvæmt lista sem Atli var búinn að taka saman eftir yfirferð á tilboði og samanburð við gildandi útboðsgögn. Ekki var mikill vilji til samninga um breytingar á verkþáttum frá gildandi útboðsgögnum. Engu að síður náðist sátt um að sleppa ákveðnum þáttum og setja aðra eins og lagnir að húsinu í annað ferli.

Að því gefnu að samkomulag náist um þau atriði samþykkti stjórn að taka tilboði Friðriks Jónssonar ehf. í byggingu vélaskemmu í Stekkjarvík og Atla Gunnari falið að klára málið með verktökum.

Fundi slitið kl. 11:00

Magnús Jónsson

Einar E Einarsson

Jón Sigurðsson